RÍKISENDURSKOÐUN

# Fiskræktarsjóður

## Ársreikningur 2008

Fiskræktarsjóður
Keldnaholti
112 Reykjavík
kt. 670373-0109

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings .......... 3

Áritun endurskoðenda .......... 4

Rekstrarreikningur .......... 5

Efnahagsreikningur .......... 6

Sjóðstreymi .......... 7

Skýringar .......... 8

# Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fiskræktarsjóður starfar samkvæmt **XIV.** kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og er hlutverk hans að styðja fiskrækt og fiskeldi í landinu. Veiðimálanefnd og veiðimálastjóri fara með stjórn Fiskræktarsjóðs.

Á árinu 2008 varð 319,3 m.kr. tekjuafgangur af rekstri sjóðsins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins 362,3 m.kr, skuldir 4,1 m.kr.. og eigið fé nam 358,2 m.kr. í árslok 2008.

Formaður veiðmálanefndar staðfestir ársreikning Fiskræktarsjóðs fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3 apríl 2009

Óðinn Elísson
formaður.

# Áritun endurskoðenda

Til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fiskræktarsjóðs fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

***Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum***

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

***Ábyrgð endurskoðenda***

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

***Álit***

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fiskræktarsjóðs á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 3. apríl 2009.

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

# Rekstrarreikningur árið 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Markaðar tekjur | | 28.252.445 | 26.236.039 |
| | 1 | 28.252.445 | 26.236.039 |
| **Gjöld** | | | |
| Styrkir | 2 | 20.093.120 | 31.800.000 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 3 | 2.245.429 | 2.230.499 |
| Launagjöld | 4 | 158.582 | 0 |
| Funda- og ferðakostnaður | 5 | 37.500 | 104.611 |
| | | 22.534.631 | 34.135.110 |
| Tekjuhalli án fjármagnsliða | | 5.717.814 | ( 7.899.071 ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 6 | 7.979.301 | 3.032.854 |
| **Tekjuhalli fyrir ríkisframlag** | | 13.697.115 | ( 4.866.217 ) |
| Ríkisframlag | | 305.600.000 | 0 |
| **Tekjuafgangur (-halli) ársins** | | 319.297.115 | ( 4.866.217 ) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2008

| Eignir | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Langtímakröfur | 7 | 500.000 | 1.000.000 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skammtímakröfur | 8 | 778.941 | 12.169.588 |
| Handbært fé | 9 | 361.066.291 | 28.766.029 |
| | | 361.845.232 | 40.935.617 |
| **Eignir alls** | | 362.345.232 | 41.935.617 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 38.932.426 | 43.798.643 |
| Tekjuafgangur (-halli) ársins | | 319.297.115 | ( 4.866.217 ) |
| **Eigið fé** | 12 | 358.229.541 | 38.932.426 |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ríkissjóður | 11 | 130.891 | 130.891 |
| Ógreidd gjöld | 10 | 3.984.800 | 2.872.300 |
| **Skuldir** | | 4.115.691 | 3.003.191 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 362.345.232 | 41.935.617 |

# Sjóðstreymi árið 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| *Veltufé frá rekstri:* | | | |
| Tekjuafgangur (-halli) ársins | | 319.297.115 | ( 4.866.217 ) |
| **Veltufé frá rekstri** | | 319.297.115 | ( 4.866.217 ) |
| *Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:* | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) | | 11.390.647 | ( 11.904.988 ) |
| Viðskiptaskuldir, hækkun | | 1.112.500 | 1.527.700 |
| | | 12.503.147 | ( 10.377.288 ) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 331.800.262 | ( 15.243.505 ) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Afborganir af veittum lánum | | 500.000 | 500.000 |
| **Fjárfestingahreyfingar alls** | | 500.000 | 500.000 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| *Breyting á stöðu við ríkissjóð:* | | | |
| Framlag ríkissjóðs | | (305.600.000 ) | 0 |
| Greitt úr ríkissjóði | | 305.600.000 | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | 0 | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 332.300.262 | ( 14.743.505 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 28.766.029 | 43.509.534 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 361.066.291 | 28.766.029 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila o.fl.

Ársreikningur Fiskræktarsjóðs er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Fiskræktarsjóður greiðir ekki tekjuskatt.

### Skráning tekna

Tekjur sjóðsins eru bókaðar við greiðslu.

### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast sjóðnum. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta þar sem við á.

### Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna verðbóta og vaxta þar sem við á.

### Bókhald og fjárvarsla

Veiðimálastofnun annast launavinnslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir sjóðinn.

### Fjárheimildir og rekstur

Fiskræktarsjóður fékk 305,6 m.kr. fjárveitingu á fjáraukalögum ársins 2008 í samræmi við ákvæði laga um Fiskræktarsjóð, nr. 72/2008 sem tóku gildi 1. janúar 2009. Sjóðurinn hefur markaðar tekjur sem eiga að standa undir rekstri sjóðsins.

# Skýringar

## Sundurliðanir

### 1. Markaðar tekjur

Markaðar tekjur Fiskræktarsjóðs felast í gjaldi sem innheimt er af skýrum (nettó) tekjum veiðifélaga og óskýrum (heildar) tekjum vatnsaflsstöðva samkvæmt lögum og reglugerð þar um.

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Gjald af skýrum veiðitekjum, 2% | 15.326.468 | 13.941.323 |
| Gjald af óskýrum tekjum vatnsaflsstöðva, 3‰ | 12.925.977 | 12.294.716 |
| | 28.252.445 | 26.236.039 |

### 2. Styrkir

Eftirtaldir 19 aðilar fengu greidda styrki úr Fiskræktarsjóði á árunum 2008 og 2007:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Tungulax ehf. | 5.425.000 | 0 |
| 2 | Veiðifélag Selár | 3.460.000 | 500.000 |
| 3 | Veiðimálastofnun | 2.000.000 | 13.300.000 |
| 4 | Matis ofh., Prókaria ehf. | 2.000.000 | 3.000.000 |
| 5 | Jorge H Fernándes Toledano | 1.500.000 | 2.000.000 |
| 6 | Veiðifélag Laxár í Aðaldal | 1.500.000 | 1.500.000 |
| 7 | Veiðifélag Eyjafjarðarár | 1.500.000 | 1.500.000 |
| 8 | Stangveiðifélag Reykjavíkur | 800.000 | 3.400.000 |
| 9 | Laxfiskar ehf. | 500.000 | 600.000 |
| 10 | Veiðifélag Búðardalsár | 388.120 | 0 |
| 11 | Veiðifélag Gljúfurár | 300.000 | 0 |
| 12 | Heiðarlax ehf. | 300.000 | 0 |
| 13 | Tunguflјót ehf. | 300.000 | 0 |
| 14 | Veiðifélag Laxár og Krakár | 120.000 | 0 |
| 15 | Veiðifélag Fróðá ehf. | 0 | 3.000.000 |
| 16 | Veiðifélag Langadalsár og Hvannadalsár | 0 | 2.200.000 |
| 17 | Hreggnasi ehf. | 0 | 300.000 |
| 18 | Fluga og net ehf. | 0 | 300.000 |
| 19 | Stangveiðifélag Hafnarfjarðar | 0 | 200.000 |
| | | 20.093.120 | 31.800.000 |

# Skýringar

## 3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Fulltingi ehf. annast framkvæmdastjórn Veiðimálanefndar, sem fer með stjórn Fiskræktarsjóðs. Veiðimálastofnun annast bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir sjóðinn ásamt því að sjá um innheimtu á tekjum sjóðsins, skv. þjónustusamningi.

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Framkvæmdastjórn | 1.080.000 | 1.080.000 |
| Bókhalds- og greiðsluþjónusta | 1.040.000 | 1.040.000 |
| Auglýsingar, prentun, póstur o.fl | 125.429 | 110.499 |
| | 2.245.429 | 2.230.499 |

## 4. Launagjöld

Launagjöld eru þóknun til nefndarmanna veiðimálanefndar sem fer með stjórn sjóðsins. Reikningur vegna stjórnarlauna fyrir árið 2007 barst ekki fyrr en á árinu 2008 eftir að búið var að loka bókhaldi sjóðsins.

| | | |
|---|---|---|
| Stjórnarlaun | 133.472 | 0 |
| Launatengd gjöld | 25.110 | 0 |
| | 158.582 | 0 |

## 5. Funda- og ferðakostnaður

Akstursskostnaður er vegna stjórnarmanna sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins. Lækkun kostnaðar milli ára skýrist af því að akstur fyrri ára var bókaður árið 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Akstur | 37.500 | 104.611 |
| | 37.500 | 104.611 |

## 6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur jukust milli ára með betri ávöxtunarkjörum hjá nýrri innlánsstofnun og eins voru verðbætur hærri en árið áður.

| | | |
|---|---|---|
| Fjármunatekjur | 8.860.869 | 3.368.521 |
| Dráttarvextir | ( 17 ) | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur | ( 881.551 ) | ( 335.667 ) |
| | 7.979.301 | 3.032.854 |

# Skýringar

## 7. Langtímakröfur

Fiskræktarsjóður veitti eitt lán á árinu 2006. Skv. 5. gr. reglugerðar nr. 505/1992 er sjóðnum heimilt að veita lán til mannvirkjagerðar er lýtur að fiskrækt eða fiskeldi, en einnig til annarra verkefna sem stuðla að aukningu og viðhaldi íslenskra laxfiska.

## 8. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur í árslok eru vegna óinnheimtra tekna og endurgreiðslu á virðiskaukaskatti til stofnana vegna sérfræðiþjónustu.

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Ríkisaðilar | 646.641 | 11.925.707 |
| Fyrirtæki og atvinnuvegir | 0 | 111.581 |
| Virðisaukaskattur | 132.300 | 132.300 |
| | 778.941 | 12.169.588 |

## 9. Handbært fé

Í árslok 2008 hefur sjóðurinn tvo tékkareikninga og einn ávöxtunarreikning, sem er hjá Sparisjóði Mýrasýslu. Hækkun á handbæru fé milli ára skýrist af framlagi ríkissjóðs til sjóðsins.

| | | |
|---|---|---|
| Tékkareikningar | 1.111.164 | 2.642.684 |
| Bakhjarl/Bústólpi | 359.955.127 | 26.123.345 |
| | 361.066.291 | 28.766.029 |

## 10. Ógreidd gjöld

Í árslok 2008 er ógreidd þóknun til Fulltingis ehf. sem annast framkvæmdastjórn Veiðimálanefndar, sem fer með stjórn Fiskræktarsjóðs.

| | | |
|---|---|---|
| Þóknun | 672.300 | 672.300 |
| Ógreiddir styrkir | 3.312.500 | 2.200.000 |
| | 3.984.800 | 2.872.300 |

## 11. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu sjóðsins gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum sjóðsins. Í árslok 2008 nam skuld Fiskræktarsjóðs við ríkissjóð 131 þús. kr. og hafði hún ekkert breyst á árinu.

# Skýringar

## 12. Eigið fé

Í árslok 2008 námu eignir sjóðsins 358.230 þús. kr. umfram skuldir og svaraði það til eiginfjárstöðu hans.

| | |
|---|---|
| Höfuðstóll 1. janúar 2007 | 38.932.426 |
| Tekjuafgangur (-halli) ársins | 319.297.115 |
| Höfuðstóll 31. desember 2008 | 358.229.541 |

**Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:**

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Markaðar tekjur | 28.252 | 26.236 | 22.710 | 20.903 | 19.900 |
| Fjármunatekjur | 7.979 | 3.033 | 4.238 | 3.123 | 3.442 |
| Gjöld | ( 22.534 ) | ( 34.135 ) | ( 30.347 ) | ( 25.014 ) | ( 26.838 ) |
| Tekjuafgangur | 13.697 | ( 4.866 ) | ( 3.399 ) | ( 988 ) | ( 3.496 ) |
| Ríkisframlag | 305.600 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tekjuafgangur (-halli) ársins | 319.297 | ( 4.866 ) | ( 3.399 ) | ( 988 ) | ( 3.496 ) |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Fastafjármunir | 500 | 1.000 | 0 | 0 | 0 |
| Veltufjármunir | 361.845 | 40.935 | 45.274 | 47.610 | 48.317 |
| Eignir alls | 362.345 | 41.935 | 45.274 | 47.610 | 48.317 |
| Höfuðstóll | 358.230 | 38.932 | 43.799 | 47.198 | 48.186 |
| Skammtímaskuldir | 4.115 | 3.003 | 1.475 | 412 | 131 |
| Eigið fé og skuldir alls | 362.345 | 41.935 | 45.274 | 47.610 | 48.317 |